

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P 139/1065

frumdagur 5.1.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. janúar 2011.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sölu sjávarafli o.fl., 50. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að afli, annar en rækja, humar og uppsjávarafli verði seldur á innlendum fiskmörkuðum. Þó er heimilt, skv. frumvarpinu, að selja afla í beinni sölu til innlendarar fiskvinnslu og skal þá verðið taka mið af markaðsverði aflans á söludegi. Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum á lögum nr. 57/1996, lögum nr. 43/1985, lögum nr. 79/2005 og lögum nr. 24/1986. Frumvarpið er allrar athygli vert, en Sjómannasamband Íslands gerir þó nokkrar alvarlegar athugasemdir við frumvarpið.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins virðist gleymast að nokkur hluti afla sem fluttur er óunninn úr landinu er fluttur út fullvígtaður til erlendarar fiskvinnslu, jafnvel í eigu þeirra sem flytja aflann út. Þegar afli hefur verið fullvígtaður hér á landi er ekkert í núgildandi lögum sem kemur í veg fyrir að aflinn sé fluttur óunninn úr landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur afli, að undanskildum þeim tegundum sem taldar eru upp í a lið 3. gr., sé seldur á innlendum fiskmarkaði eða taki mið af markaðsverði á löndunardegi. Ekkert í frumvarpinu kemur því í veg fyrir að íslensk fiskvinnsla kaupi aflann og sendi hann síðan óunninn úr landi eftir fyrstu sölu. Sjómannasamband Íslands hafnar því þeirri hugmynd frumvarpshöfunda að banna fyrstu sölu á óunnum fiski á erlendum fiskmörkuðum, en mælist þess í stað til þess að bein viðskipti með óunninn fisk til erlendarar fiskvinnslu verði takmörkuð eða stöðvuð.

Varðandi a lið 3. gr. frumvarpsins ítrekar Sjómannasamband Íslands þá afstöðu sína að allan afla eigi að selja á uppboðsmarkaði innanlands eða á erlendum fiskmörkuðum sem fengið hafa leyfi Fiskistofu til vigtunar á afla. Sjómannasamband Íslands getur tekið undir þá skoðun að heimila eigi bein viðskipti enda taki verð milli seljanda og kaupanda óunnins afla mið af markaðsverði á söludegi aflans. Í þeim tilvikum sem afli er seldur í beinum viðskiptum til erlendarar fiskvinnslu ætti þó taka mið af markaðsverði í því landi sem aflinn er fluttur til og miða við markaðsverð á afhendingardegi aflans. Varðandi þær tegundir sem frumvarpið undanskilur frá markaðssölu þá hlýtur það að vera markmið til framtíðar litið að þær tegundir verði einnig seldar í gegn um fiskmarkað eða verð á þeim taki mið af markaðsverði. Því er tímabært að hefja þá þróun sem þarf að verða til að af því geti orðið. Fyrsta skrefið í þeirri þróun er að setja lög um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu.

Í 4., 5., 6. og 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins eru löngu orðin úrelt og þau samtök sem skilgreind eru sem kaupendur afla eru í flestum tilvikum ekki til í dag. Þó svo að lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins séu enn til hefur ráðið ekki komið saman í meira en áratug enda gæti orðið vandkvæðum háð að finna út hverjir ættu að sitja kaupendamegin í ráðinu. Staðreyndin er sú að stærstur hluti fiskvinnslunnar er í eigu


útgerðarinnar á Íslandi og því eru útgerðarmenn í reynd kaupendur aflans. Í dag er viðmiðunarverð á þeim fisktegundum sem ástæða hefur þótt til að verðleggja með beinum hætti ákveðið af úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna sbr. II. kafla laga nr. 13/1998, með síðari breytingum. Í þessari úrskurðarnefnd eru útgerðarmenn skilgreindir sem kaupendur aflans, enda eru þeir það í reynd. Breytingar á lögnum um Verðlagsráð sjávarútvegsins hafa því enga þýðingu að mati Sjómannasambands Íslands og væri nær, eins og áður hefur verið bent á, að stefna að því að allur affli verði verðlagður í gegn um uppboðsmarkaði á fiski, innanlands eða erlendis.

Sjómannasamband Íslands hafnar alfarið 9. grein frumvarpsins er varðar breytingu á lögnum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Verði þessi grein frumvarpsins að lögum er verið að ráðast freklega að kjarasamningum sjómanna og skerða verulega gildandi kjarasamning um skiptakjör komi til þess að frystiskip landi afla erlendis.

Sjómannasamband Íslands vonar að greinin sé sett fram vegna vanþekkingar frumvarpshöfunda en ekki hafi verið meiningin að ráðast gegn gildandi kjörum sjómanna á frystiskípum með því að setja þessa grein inn í frumvarpið. Er því mælt til að greinin verði felld brott úr frumvarpinu.

Að öðru leyti en að framan greinir tjáir Sjómannasamband Íslands sig ekki frekar um frumvarpið á þessu stigi málsins.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson